

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalla hjá Áburðarverksmiðju ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins og Kísiliðjunni h.f.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að verkföll hafi staðið yfir hjá starfsmönnum Áburðarverksmiðju ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins og Kísiliðjunnar h.f. frá 12. maí s. l. Hafi sáttatilaunir ekki borið árangur og horfur ekki á lausn deilunnar í bráð. Verkföll þessi hafi þegar valdið mikilli röskun í atvinnulífi landsmanna.

Nú sé vá fyrir dyrum í landbúnaðinum, þar sem síðustu forvöð séu til áburðardreifingar. Auk þess sé hörgull á súrefni til málmíðnaðar, er valdi verulegri truflun eða stöðvun í þeirri grein, en Áburðarverksmiðjan ein framleiði það hér á landi.

Sementsskorturinn hafi þegar stöðvað byggingarframkvæmdir í landinu að mestu leyti og valdið alvarlegum töfum á framkvæmdum við Sigölduvirkjun, hafnarframkvæmdum í Þorlákshöfn og víðar.

Þá hafi verkfall þetta enn fremur haft þau áhrif að framleiðsla Kísiliðjunnar hf. hafi stöðvast svo og öflun hráefnis til framleiðslu á næsta vetri, er valda muni atvinnuleysi og stofni afurðasölu verksmiðjunnar í tvísýnu.

Því telji ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun téðra verksmiðja.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm, sem ákveði kaup og kjör þeirra starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins og Kísiliðjunnar h.f., sem í verkfalli eiga.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald á verkfalli téðra starfsmanna.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms samkvæmt 1. gr. skulu gilda frá gildistöku laga þessara. Uns kjaradómur fellur skal fylgt ákvæðum síðustu samninga aðila um kaup og kjör, en leiðréttá þá launagreiðslur til samræmis við hann.

4. gr.

Ef almennar kauphækkanir verða á gildistíma þessara laga, skulu umræddir starfsmenn verða þeirra aðnjótandi, að mati kjaradóms.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Lög þessi gilda til 31. desember 1975, nema nýir samningar hafi verið gerðir milli aðila.

Gjört að Bessastöðum 29. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.